

Kristín Jónsdóttir
Kri
920

RÆÐUR

HALDNAR VIÐ JARÐARFÖR


HÚSFRÚR KRISTÍNAR JÓNSDÓTTUR

KONU

JÓNS STÚDENTS FRIÐRIKSSONAR THÓRARENSENS Í VÍÐIDALSTÚNGU.

ÁSAMT GRAFSKRIPT EPTIR HANA.

Jón Borgfirðingur



9745

REYKJAVÍK 1859.

Í PRENTSMIÐJU ÍSLANDS. E. ÞÓRÐARSON.

I.

HÚSKVEÐJA.

haldin af prófasti síra Jóni Jónssyni á Steínnesi.

Vegsamaður vertú, eýlífi ástar faðir! fyrir enar mörgu og yndælu fagnaðar stundir, er þú gefur oss af gæðsku þinni! Og vegsamaður vertú eínnig fyrir sorgar stundir þær, er þèr þóknast að láta koma yfir oss! Vèr vitum, að þær eru alltaðeínu hollar og góðar fyrir oss, eíns og meðlætis stundirnar; vèr vitum, að eýlíf speki er allt þitt ráð, öll þín stjórnun gæðska og náð; þessvegna viljum vèr gefa þèr dýrðina af auðmjúkum hjörtum, eíns í sorg og gleði; og þó vèr andvörpum undir krossinum, þá viljum vèr ekki andvarpa af óþolinmæði, heldur af hjartanlegri laungun eptir þinni hugsvalandi náð. Allar tilfinníngar vorar, óskir og eptirlánganir viljum vèr sameína og innibinda í bænarandvarpi Drottins vors og frelsara: Ó, faðir! verði þinn vili! Veít oss náð til að geta ætíð hugsað og talað so af rót hjarta vors. Amen.

Þèr munuð sýta og gráta; þessi orðin lausnara vors rættust ekki eínasta á enum fyrstu

lærisveínum hans, heldur hafa þau eínnig rætst, og rætast enn, og munu til enda veraldar rætast á jarðarinnar börnum; — eíns og hver eínn er fæddur með þeím skilmála, að skilja aptur við þetta líf, hvenær sem lávarði lífs og dauða þóknast, eíns fæðast allir með þeím skilmála, að vera háðir enum almennu lífs kjörum meðan þeír lifa hèr á jörðu; það er þannig sameíginlegt hlutskipti allra, að verða fyrri eða síðar, meíra eða minna, að bergja á enum beíska bikar sorga og hörmúnga; hann verður borinn eínum af oss eptir annan, og eínginn af oss veít, hvenær röðin kann að vera komin að honum. Vèr tölum ekki um þetta í því skyni, að vekja í hjörtum vorum óánægju yfir hlutskipti voru, eða möglun gegn ráðstöfunum hans, sem stjórnar högum vorum, eða kvíða fyrir andstreými því og sorgum, er oss kunna enn að vera geýmdar á lífsskeíði voru; vèr skulum miklu fremur minna oss á það mitt í hrygð vorri, að vèr erum minni allri þeírri miskun og trúfesti, er faðir vor himneskur hefir auðsýnt oss; vèr skulum aldreí láta oss gleýmast, að kannast við það með auðmjúku þakklæti, að hann gefur oss af náð sinni so miklu fleíri fagnaðar enn hrygðar stundir; og vèr skulum bera oss að láta eínga sorg fá so mikið vald yfir oss, að vèr missum traustið á enum alvalda og algóða; hvað sem þreíngir að hjarta voru, skulum vèr kasta upp á hann allri áhyggju vorri, fullvissir um, að honum er annt um oss, og að hann bæði vill og getur

komið öllu vel til vegar fyrir oss. Þó líf vort og sál vanmegnist, þá látum hann vera hjartans traust vort og hlutskipti!

En hve eðlilegt er það samt ekki, að sorglegar tilfinníngar og hugsanir sèu ríkastar í hjörtum vorum á þessari sorgar stundu, í þessu sorgar húsi, þar sem dauðinn hefir gjört þvílíkt skarð í lífs fögnuð enna ástríku og viðkvæmu hjartnanna, sem hèr eíga að trega hjartfólgið ástmenni sitt, — þar sem ástúðlegur og trúfastur ektamaki kveður með sárum trega helft hjarta síns — hinn ynndæla og ágjæta förunautinn, eptir so lánga, ánægjuríka og uppbyggilega sambúð; þar sem þau börnin og teíngdabörnin, er bæði áttu bestu móður, og vissu að meta þá náð ens algóða — vissu, að meta og þakka velgjörðir hennar, og allt móðurlegt ástríki, — eru nú stödd hèr við líkkistu hennar með þeím tilfinníngum, sem en heíta og hreína ást, hið viðkvæma og hreínskilna þakklæti og enn sárri söknuður fyllir hjörtu þeirra með á skilnaðar stundunni: þar sem fallin er hin öbluga stóð þessa heímilis, og fölnuð en sannkallaða prýði þess?

Já víst er hèr mikið hrygðarefni; víst er heímili þetta nú rèttnefnt sorgarhús; víst mátti fráfall þessarar miklu merkiskonu vekja almenna athygli, almenna hluttekníngu, almennan söknuð; og án efa lifir hann í brjóstum allra þeírra, er hún gladdi í orði og verki og viðmóti um öll þau ár, er hún stóð hèr í húsmóður stètt. Það er í sannleíka bæði

hátíðlegt og alvarlegt augnablik, er hún kveður nú í síðasta sinni hús sín og heímili, ektamann sinn, börn, teíngdabörn, fósturbörn, þjónustufólk; — í öllu tilliti er það verðugt og skylt, að henni sè fylgt hèðan með virðíngu, sorg og söknuði, og hátíðlegri og rótgróinni endurminníngu kvennkosta hennar. -- En þó hèr sè orðið harðla mikið skarð fyrir skyldi þá skulum vèr ekki láta huga vorn staðnæmast eíngaungu við hinn sára missi, við það, sem vekur hrygð og trega; heldur skulum vèr jafnframt snúa hjörtum vorum til vors góða guðs, og leíta hjá honum hugsvölunar í hrygð vorri; vèr skulum vegsama hann fyrir það, að eínmiðt þessi sorgar atburður setur oss fyrir sjónir mikla og dýrmæta náð hans, so að þau hjörtun, sem sigð dauðans hefir hèr sært so tilfinnanlega, geta samt fundið yndæla hugarhægð í guðrækilegri umhugsun þeírrar náðar, er þau hafa notið. Ó, hve vel á það við, að þèr, sorgbitnu ástmenni hinnar sælu, takið yður í hjarta og munn orð ens guðelskanda sálmaskálds: lofa þú Drottinn, sála mín! og gleým ekki öllu hinu góða, er hann hefir gjört þèr. Á sorgarstundunum er ekkert eíns hugsvalandi og endurnærandi, eíns og að rifja upp fyrir sèr en mörgu rök föðurástar guðs á oss, er vèr höfum svo opt þreífað á; það mýkir harminn, það blíðkar hrygðina, það lífgar og glæðir vonina og traustið til hans, sem hefir látið oss reýna sína föðurlegu náð, og eflir þá sannfæríngu í hjörtum vorum, að allt sem

hann gjörir sè harla gott að allir vegir hans sèu miskun og trúfesti oss til handa, að einnig mótlætið sè vottur ástar hans á oss, og umhyggju hans fyrir oss. Hin dýrmæta ástgjöfin, sem nú er frá yður tekin, þèr áttríku tregandi hjörtu! minnir yður glöggt á, hve mikið þèr áttuð, meðan þèr nutuð hennar; og guð gaf yður að njóta hennar í mörg ár; hann hefir þannig gefið yður óteljandi gleði og gæfu stundir; og eg er viss um, að endurminníng þeirra — að endurminníng ennar heítu ástar, og óbrigðulu trúfesti, er yðar sæla framliðna auðsýndi yður allt til dauðans, lyptir hjörtum yðar til gjafarans allra góðra hluta, í auðmjúkri lofgjörð fyrir það hnossið, er hann blessaði yður með, og veítti yður að búa að so leíngi. — Og sú, sem þèr elkið, er ekki dauð, heldur að eíns sofnuð — sofnuð í drottni til værrar og rósamrar hvíldar eptir hið lánga og uppbyggilega dagsverk sitt, er hún vann moð óþreýtandi alúð og árvekni; hinn jarðneski hluti hennar sefur, bíðandi dýrðarfullrar upprisu guðs barna; en hinn himneski hluti hennar vakir hjá drottni í dýrðinni og vegsemdinni, leýstur frá öllu erfiði og andstreými, frá öllum þjáníngum og mótlæti. — Lífið var henni mikil velgjörð guðs; hann blessaði hana ríkulega með gæðum þess, gaf henni eínhvern hinn besta lífsvin, gæddi hana ákjósanlegu barnaláni og almennri ástsæld og virðíngu; og samt var dauðinn ábati hennar; því hvað er öll jarðnesk hagsæld hjá himna-

ríkis sælu? — Hrygðar og þjáninga stundirnar eru liðnar, dauðastríðið er útstaðið, dauðinn er sigraður í krapti dauðans sigrara drottins Jesú Krists. Ó, hvílíkt fagnaðar efni fyrir rètt trúað guðs barn! Ó, hvílíkt fagnaðar efni fyrir yður, sem urðuð að vera sjónarvottar þess, er yðar ástkæra hlaut að líða á enum síðustu lífs stundum sínum, og sem liðuð með henni í viðkvæmustu hlutteknígu, og hjartanlegustu tilfinnígu þess, er hún varð að bera! Lofaður veri góður guð! þær sáru hrygðar stundir eru liðnar, yðar ástkæra er geíngin gegnum þær hörmúngar inní guðs eýlífa dýrðar ríki.

So viljum vèr þá gefa þèr dýrðina, Drottinn almáttugi og algóði! því það, sem þú gjörir, er vísdómsfullt og gott! Í auðmjúkri trú lúta þín syrgjandi börn þínu ráði, og vilja vera glöð í þèr, og fela sig á vald föðurgæðsku þinni framvegis; í trúnni sjá þau sína ástfólgnu í dýrðinni hiá þèr, og heýra hana i anda senda sèr kveðju friðarins og blessunarinnar frá heímkynnum friðarins og fullsælunnar; — Með þakklætis og fagnaðar tárum vígja þau helgan dóm hennar til burtferðar úr þessum húsum! Vyrðstu að styðja þau og styrkja á hrygðar ferlinum! Send þinn frið í hjörtu þeírra! lát hann hvíla yfir þeím — yfir þessu heímili — yfir oss öllum saman! Veít oss náð til að vera þín elskuleg börn í lífi og dauða fyrir Jesúm Krist, amen.

II.

LÍKRÆÐA

haldin af síra Jóni Sigurðssyni á Breíðabólstað.

Eýlífi miskunsemdanna faðir vor á himnum! miskunaðu þig yfir oss alla, yfir alla sorgmædda og syrgjandi nær og fjær, yfir oss, sem tregandi missi bezta vinar, bezta ektamaka, beztu móður, höfum nú fylgt líkbörum hennar grátandi út úr sorgarhúsinu inní þetta þitt helga hús, til þess að helga þèr og moldum hennar vor heítu saknaðar og sorgartár, er vèr eínsog segjum skilið við hana, eða hátíðlega kveðjum hana að skilnaði. Heílagi faðir! lít í miskun og náð niður til vor þinna veíku syrgjandi barna, helgaðu oss í þínum sannleíka, helga vorn söknuð, vor kærleiks og sorgar tár, sem vèr úthellum út af missi hennar, sem elskaði oss, og þú gafst oss svo elskuverða til að elska. Þú huggar en hrelldu hjörtun, en þín huggun helgar þau líka; þú ert kærleíkurinn, eíns góður og ástríkur faðir, þegar þú sviptir, eíns og þá, er þú gefur; fyrir því höfum vèr fullkomna vissu í þínu opinberaða sannleíks orði. Lát þessa vissu mýkja, sefa og blíðka vorn sára söknuð, vora þúngbæru hjartasorg. Lát þitt góða orð upplýsa vor sorgarmyrkur, þinn góða heílaga anda hugga og helga vor hrelldu hjörtu, og oss svo finna hvíld sálum vorum í þeím friði,

sem þíns sonar trú veítir öllum þeím, sem á þig trúa í hans nafni. Jesú friður, friður trúarinnar, sá guðs friður, sem öllum skilníngi er æðri, sè og veri í með og yfir oss öllum, lífs og liðnum, í Jesú nafni, amen.

Hans er guð heíll og gleði,
hreínan sem kærleík ber;
ást með auðsveípu geði,
engla sveít guði tèr.
Guð er kærleíkur, enginn kann
í náð hans klútdeíld hafa,
nema hafi kærleíkann. —

Við þetta fyrir mig og mína svo tilfinnanlega sára sorgar tækifæri má nè getur víst enginn ætlast til þess, að eg haldi fjölorða ræðu; þèr vitið allir, hve nærri sjálfum mèr og mínum beztu ástvinum að höggvið er í fráfalli þeírrar miklu merkiskonu, sem líkkista þessi, er geýmir örendan líkama hennar, minnir oss á. Svo margvíslega kvíslast nú tilfinníngar mínar í brjósti mínu, svo undarlega blandast þær í hjarta mínu, að mèr veítir örðugt að gjöra þeírra greín, að fá þeím skýr orð; sár söknuður, djúpur tregi og tilfinnanlega viðkvæm hlutekníng í sorg, eptirsjá og hjarta skeranda söknuði ástvina minna gjörir mèr þúngt um að hugsa með reglu, þúngt um mál, þúngt um að flytja orðið tilhlýðilega. Æ eg sè og skil svo ofur vel, hve mikla orsök vèr börnin hennar, og þó samt eínkanlegast

vor aldraði faðir, höfum til trega og saknaðar eptir teíngdamóður mína sælu, henni var allt svo vel gefið, missir hennar er oss, og eínkum honum í mörgu tilliti óbætanlegur; en rás þessara sorgar tilfinnínga minna verð eg að reýna til að stöðva; að skýra frekar frá þeím með orðum, sè eg ofur vel að hvorki getur verið til gagns, uppbyggíngar nè huggunar, og samt eru það tilfinníngar mínar, sem eg vil reýna að fá orð fyrir; hjá mèr geta þær ekki verið hinar eínu og sömu við moldir allra, er eg verð að standa yfir; þekkíng mín til lífs og hegdunar hins framliðna manns á mikinn þátt í að skapa þær. En þær tilfinníngar, sem sjón þessarar líkkistu vekur í brjósti mínu, er elska, virðíng og rètt undran fyrir því lífi, sem hèr er liðið; fæstir þekktu það eíns og það var í raun og veru, það bar svo lítið á því, svo þýðíngarmikið sem það þó var; því það var svo kyrlátt, stillt og hæglátt; hún leíð fram allajafna eíns og ljós; en ljós hennar skeín fagurt meðal þeírra, sem hún umgekkst, sem sáu dagfar hennar, meðal þeírra, sem eítthvað töluverðt höfðu saman við hana að sælda; þar um geta þeír bezt borið, sem náðu að komast í nokkuð náinn kunuíngskap við hana; þeír geta bezt borið um, hvort ekki var unun og uppbyggíug að viðræðum hennar og umgengni, að eg ekki tali um, yrðu þeír svo heppnir, að geta náð þokka hennar og ástsemi; þeím var jafnan sönn ánægja og uppbyggíng í að tala við hana, að umgángast hana, um það get eg,

og líka margir yðar borið fyrir eígin reýnd; greínd, gáfur og stök ráðdeíld, sameínað glaðlyndu náttúrufari, og ástúðlegu viðmóti, gjörðu, að umgengni og öll viðkinníng við hana var bæði uppbyggileg og undir eíns líka ununarfull, viðfeldin og skemtileg; dagfar hennar og dagleg háttsemi til orða og verka lýstu bezt, yfir hvorju hjarta hún bjó, þar sem hinn vísi segir að sèu uppsprettur lífsins, og þeír, sem að verið hafa hjá henni og með henni hefi eg heýrt alla ljúka eínum munni upp um: að þeír eígi hafi þekkt vandaðri og siðprúðari konu, og eg fyrir mig verð að segja hið sama. En vildi eg reýna til að fá eítt orð fyrir það, sem eínkum og sèrílagi eínkenndi gjörvallt líf hennar eða alla hennar hegðan og breýtni til orða og verka og í viðskiptum við aðra, þá veít eg ekkert sannara orð að nefna en kærleíkann, lífi hennar verður sannarlega ekki rèttar eða betur lýst með eínu orði, enn að segja um það eíns og var, að það hafi verið sífelld kærleíks yðja, sífelld þjónusta í kærleíkanum; í því, segir postulinn Jóhannes, er elskan til guðs fólgin, að vèr höldum hans boðorð, en hans boðorð eru ekki þúng, þeím nefnilega, er postulans meíníng, sem guð elska. Hún elskaði guð ag hans helga hús, þann helga staðinn, sem hann sjálfur hefir sèrílagi kjörið og útvalið til að binda við minníngu nafns síns á jörðinni; hún var guðhrædd og guðrækin, hún yðkaði guðs orð kostgæfilega bæði með því að heýra það og lesa; í andlegu var hún

líka sèrlega vel að sèr, fróð og kunni mikið, henni var ekki eínasta messusaungsbókin svo gagnkunnug, að hún kunni marga, ef eígi flesta, sálma utan að í henni, heldur kunni hún eínnig í vorum eldri og ýngri sálmasöfnum, svo að dæmafátt mun vera nú á tímum; eptir því var og tekið af sumum, sem með henni voru, að það var vandi hennar, þegar eítthvað þúngt bár að, sem vant er að óspekja geð manna, að leíta sèr þá huggunar í gagnlegum guðsorða bókum, enda hafði hún sèrlegt lag á og var mörgum færari um að hugga og hughreýsta aðra; hvernig hún gegndi verki köllunar sinnar gat sannfært um, að hún vann að verkum sínum og rækti skyldur sínar í ótta og elsku guðs. Þèr, sem nokkuð gjörr þekktuð húsfrú Kristínu sælu, þekktuð líka ofur vel, hve vel og höndulega henni fórust öll verk sín, af því hún vann að þeím öllum með svo fúsu geði, af kærleika og ást til guðs og manna, og þess vegna blessuðust þau líka svo vel henni og öðrum, sem áttu að njóta þeírra, þess vegna báru þau nær og fjær svo góða og heílladrjúga ávexti; þar um eru eínkum til vitnis hennar vönduðn og mannvænlegu börn og margt fleíra, sem ber hennar menjar. Hver, sem nokkuð umgekkst hana, eða hafði nokkuð töluverðt við hana að skipta, þurfti ekki leíngi að kynnast henni til að komast að raun um, að brjóst hennar var fullt kærleíka og ástar til guðs og manna; hún vildi öllum vel, og gjörði sèr alljafnt far um að gjöra

sem bezt úr öllu, að færa alla hluti til betri vegar og láta hvervetna gott af sèr leíða. Snemma tók þetta ástríki hennar, þetta hennar kærleíksfulla hjartalag, að láta sig í ljósi; snemma auglýstist það, að henni var bæði ljúft og lagið að auðsýna kærleíkann, að leggja mikið í sölurnar fyrir vini sína, að bera með þeím byrði lífsins, að afneíta sjálfri sjer og eígin hagsmunum sínum þeírra vegna, að gjöra allt sitt til, að lífið gæti orðið þeím sem lèttbærast og til sem mestrar gleði og ánægju. Fæstum yðar, kæru tilheyrendur! er það víst kunnugt, hve góð og ástrík systir hún reýndist eínkabróður sínum framan af og leíngi fram eptir æfi beggja þeírra, en þeír eru þó nokkrir enn á lífi, sem til þess þekktu, og er þar eítt hið fegursta og fágætasta dæmi systurlegrar ástsemi og trygðar, sem eg hefi heýrt um getið. En — eíns og nærri má geta — hafði þó enginn meír að segja af ástríki hennar, trygð og kvennkostum, enn hann, sem hennar eígið hjarta hafði kjörið og tekið að sèr sem bezta vin, hinn elskulegi ektamaki hennar, sem nú, eíns og von er, með ósegjanlega sárum trega og söknuði syrgir hana látna; engin kona getur elskað mann sinn hreínna og heítar, enn hún gjörði, sjálfum honum er kunnugt, hve heítt hún unni honum, það má óhætt segja: hún elskaði hann meír enn sitt eígið lif — en yfirhöfuð er það svo kunnugt, hve afbragðsgóð kona hún var manni sínum, hve ástrík og góð móðir börnum sínum, að það er

óþarfi að eýða hèr mörgum orðum til að lýsa því; hennar góðu gáfur, greínd og eptirtekt á hlutunum gjörðu það, að jafnan var mikil stoð og athvarf, þar sem hún var, í hverjum vanda sem bar að hendi; hennar stillta og jafna lundarlag, hennar blíða, viðfelldna og alltaf góðglaða náttúrufar hafði jafnan hin beztu áhrif og verkanir á mann hennar til að hughreýsta hann og gleðja, til að gjöra honum lífið lèttbært, skemtilegt og yndælt. Æ! honum, eíns og mèr og mörgum fleíri, er nú þessi skemtun horfin — og sömu lífgandi og hressandi áhrif hafði siðprýði hennar og ástsamleg umgeíngni á allt líf og framferði á heímilinu. Húss og bústjórn hennar var jafnan farsæl og affaragóð, því hún var búkona mikil, reglubundin, stjórnsöm og kunni vel að fara með efni sín; gáfur drottins urðu líka auðsjáanlega í hennar höndum að sannri guðs blessan; því allir hlutir verða þeím að góðu, sem guð elska. Til þess var tekið af mörgum, hve barngóð hún var. Eg gat eígi annað, enn dáðst að og haft unan af að sjá, hve náttúrlega hún svo gömul lèk fyrir börnunum, og hve hjartaglöð og ánægð þau voru kríngum hana; fósturbörn hennar geta sjálf borið um, hvornin hún var og reýndist þeím, hvort hún eígi reýndist þeím sem góð móðir; eíns var hún hjúum sínum, hún lèt sèr annt um velferð þeírra til lífs og sálar, sem auglýsti sig í hennar hollu ráðleggíngum, hennar hógværu og velviljafullu áminníngum; hún hliðraði sèr aldreí hjá að vanda um og

áminna og þannig líka stuðla að siðsemd, reglu og góðu háttalagi á heímili sínu, en þetta gjörði hún ávallt með sinni vanalegu hógværð og stillíngu og með því lagi og góðsemd, að það var sem ekkert væri um að vera, já! með sanni má það segja, að líf hennar var næsta þýðíngarmikið, svo stillt og hæglátt sem það var. Margir þurfandi og aumstaddir hafa og misst mikils í henni, hennar kærleíksfulla hjarta var viðkvæmt og vorkunlátt og fúst til meðaumkvunar, ásjár og liðsinnis í orði og verki; hún var hugul og góðgjörðasöm við fátæka, en það sem í þessu, sem svo mörgu öðru, gaf gjörðum hennar mest mæti, var, með hvað góðu og hýru skapi hún gjörði gott; gáfunni, sem hún rètti, mun sem optast hafa fylgt eítthvert uppörfandi og gleðjandi orð — að slíkum fórnum geðjast guði vel, hýran gjafara elskar guð, segir Sírak; með fám orðum veít eg eígi betur eða sannar að lýsa lífi hennar, enn að segja það hafi verið sífelld kærleíksþjónusta: kærleíkurinn gjörði hana styrkva, óþreítandi í að gjöra gott og vilja láta gott af sèr leíða, fúsa til að gegna verki köllunar sinnar með guðrækni og samvizkusemi, styrkva í að bera vel og kristilega hita og þúnga dagsins, mæðu hans og erfiði, styrkva í hennar síðasta stríði við dauðann; en dauðastríð hennar var þúngt, sjúkdómurinn stríður, baráttan hörð, en mál og ræna, næm tilfinníng og eptirtekt hèldst við fram í andlátið. Eg var svo heppinn að vera viðstaddur hennar banabeð

síðasta dægrið, sem hún lifði; það var merkilegur tími, sem mèr aldreí mun úr minni líða; þar sá eg krapt Jesú trúar í veíku og dauðlegu manns hjarta, sem trúir, auglýsa sig dásamlegan í stilltri og auðmjúkri undirgefni, í fúsleík til að berjast góðri baráttu og reýnast trúr í þolinmæði; þá sá eg sigur trúarinnar, vonarinnar og kærleíkans yfir heíminum, holdinu og öllu veraldlegu, yfir dauðanum og hans sáru og kveljandi átektum; þar sá eg, hve satt það er, sem postulinn Jóhannes segir: hver sem er stöðugur í kærleíkanum, hann er stöðugur í guði og guð í honum, en þetta kærleíks líf í guði vitnar sami postuli, að spretti af þeírri viðurkenníngu: að Jesús sè guðs sonur, guðs sonar trú varð henni kraptur guðs til sáluhjálpar, af því hún, fyrir guðs anda náð og aðstoð, auðsýndi ávöxt trúarinnar: kærleíkann, af því að trú hennar bar ávöxt í kærleíka, vönduðu framferði og góðum verkum. Fyrir líf hennar og dauða sèu þakkir góðum guði, sem henni hefir sigurinn gefið fyrir drottinn vorn Jesúm Krist. Það líf, sem hèr er liðið, verðskuldar sannarlega elsku og virðíng, athygli og eptirtekt, þess endurminníng verðskuldar að lifa í heíðri og blessun á meðal vor, mèr og mínum verður hún jafnan ógleímanleg, dýrmæt og blessuð og mörgum fleíri, sem hana þekktu. Af lífi hennar hefi eg nú, kæru tilheýrendur! gjört tilraun með að gefa stutta, en þótt ófullkomna afmálun, en svo ófullkomin, sem eg má játa að hún er, er hún samt

svo rètt og sönn sem eg hefi vit á að gefa hana, þar um getið þèr, sem nokkuð gjörr þekktuð til hennar, með mèr vitni borið, en þèr sem minna, lítið eða ekkert þekktuð til hennar, en vitið, hvað mèr er skyldt málið, yður segi eg: að eg veít, að það ávallt og allstaðar er skylda, að tala sannleíkann, að bera vitni sannleíkanum, en eígi hvað sízt á svo háleítum stað, og í svo helgum sporum, sem eg stend í nú, og frá þessum helga stað vitna eg: að eg veít ekki, hverja megi eða sè óhætt að telja meðal enna endurfæddu, sem fullkomna helgun sína í guðsótta, ef eígi hana, sem hèr er að mæla eptir, og eínmitt þetta var það, sem gjörði líf hennar svo fagurt og merkilegt, að það, endurfætt af trú eíngetins sonar guðs, var prýðt guðrækninnar og kærleíkans óvisnanlega prýðiskarti, sem hvorki fölnar nè ferst í dauðanum, heldur verður þá fyrst til fullnustu dýrðlegt og að óþverrandi uppsprettu sannnrar sælu, sem ekkert ógeðfellt má framar meínga eða raska. Frómt líf og farsæll dauði fylgjast með rèttu að, þetta er vízt og óbrigðult, kristnir vinir! og þótt eg viti, að enginn maður, hvað vandaður og góður sem hann er, verði hólpinn af eígin verkum sínum, heldur eínúngis af náð fyrir þá endurlausn, sem skeð er í drottni vorum Jesú Kristi, þá er hitt líka víst, að hver sá maður, sem í trúnni á Jesúm Krist tileínkar sèr guðs náð þannig: að hún hefir endurfæðandi krapt og verkanir á hjarta hans, í honum myndast nýtt

líf, sem ber góða, guði þóknanlega ávexti, sem auglýsir sinn krapt í guðrækilegri hegðun og góðum verkum og prýðir manninn með öllu því, sem fagurt er, heíðurlegt, ástsamlegt og lofsvert; lofsverð breýtni og góðverkin eru þá til vitnisburðar um, að maðurinn sè fyrir trúna endurfæðt og til náðar tekið, útvalið og elskulegt guðsbarn, og það eru þessir vitnisburðir, sem hátíðlega skulu verða auglýstir á þeím mikla endurgjalds degi, þá er allt, og þá líka einnig það, sem í leýndum skeð hefir, skal verða opinbert og opinberlega endurgoldið, svo sem Jóhannes vitnar, er hann segir: Eg sá þá dauðu, smáa og stóra, standandi frammi fyrir hásæti guðs, og bókunum var lokið upp, þá var annari bók lokið upp, það var lífsins bók, og voru þeír dauðu dæmdir eptir þeírra verkum, sem skrifuð voru í bókunum; og sami postuli heýrði rödd af himni, sem sagði: skrifa þú, sælir eru þeír framliðnu, sem í drottni eru dánir, já, andinn segir: þeír geta hvílt sig eptir sitt erfiði, því þeírra verk fylgja þeím eptir. —

Þannig er það og með þessa vora framliðnu, hún er nú sæl, því hún er dáin í drottni, og hennar verk fylgja henni, verk, sem hún vann að í kærleíka guðs, og voru því blessunarrík og guði velþóknanleg; á þau hefir nú líka góður guð litið í náð og sagt við hana: vel hefir þú gjört, þú góða og trúlynda þjónustukvinna, þú varst trú yfir litlu, eg mun setja þig yfir mikið, gakk inn í fögnuð þíns herra. Við

þetta skulum vèr hennar syrgjandi ástvinir hugga oss og gleðja, þetta skulum vèr nú láta lina, mýkja og blíðka þann sára söknuð og trega, sem missir hennar og burtför hèðan til föðurins á himnum hefir vakið í brjóstum vorum, eínkum yðar, hjartkæri teíngdafaðir! eg hefi hlíft mèr við að minnast mikið á yðar sára söknuð og trega, að útmála þá þúngbæru hjartasorg, sem eg veít að þèr nú hafið að bera; hvorki treýsti eg mèr til þess, enda veít eg, að það batar lítið báða okkur; eg þekkti svo ofurvel, hve heítt þèr unnuð henni, og hve góð og ástrík sambúð ykkar var; eg man yðar ástríku önn fyrir henni í hennar síðasta sjúkdómi, hve áhyggjufullt hjarta yðar var, hvernin þèr spöruðuð engan kostnað til að leíta henni læknínga, og að gjöra allt, sem yður gat dottið í hug, til þess henni gæti batnað; ávallt hafið þèr sýnt, að þèr vissuð að meta gjöf svo góðrar konu, sæl minníng hennnar verður nú yðar bezta og dýrmætasta eígn til dauðans, sem aptur innan lítils tíma á landi lifandi manna sameínar til fulls þau elskandi hjörtun, er hann hèr á landi dauðlegleíkans um stund sleít í sundur og aðskildi, góður guð veíti yður náð og styrk til að bíða þessarar stundar með kristilegri biðlund, þolgæði, rósemi og stillíngu, og þá mun hann, sem er trúr og efnir öll sín heít, launa yður yðar reýndu trú betur, fullkomnar og dýrðlegar, enn nokkurs manns túnga fær orðum að komið; vèr sem að þekkjum yðar viðkvæma og tilfinnínganæma hjarta,

getum því með viðkvæmri hluttekníngu nærri, hvað þèr hafið að bera, en þèr vitið, að þeír eru hèr til staðar, sem feígnir vilja bera með yður byrðina, gjöra yður hana sem lèttbærasta, já! bera hana fyrir yður, ef unnt væri, það eru tvö eptirlifandi börn ykkar konu yðar sælu, sem nú trega í henni missi bestu móður, og jafnframt af hjarta taka hreínskilna hlutdeíld í raunum yðar, þèr vitið hve góð og eptirlát börn þau jafnan reýndust ykkur sínum góðu foreldrum, þèr vitið hve mjög þau elska yður, hve vel þau vilja yður, hve hjartanlega þau lángar til að gjöra yður lífið lèttbært, og stuðla að því, að þèr getið verið rólegur, glaður og ánægður, reýnslan er þegar búin að kenna yður, hverja stoð þèr eígið í eínkasyni yðar, að öllu þessu getur yður verið mikil fróun í raunum yðar, jafnframt þeírri íhugun, að missirinn er því að eíns mikill, að gjöfin var svo góð og mikil, mikið var og í það varið, hvað leíngi gafst að njóta hennar, því ber yður og oss með lotníngu að gefa guði dýrðina, að heíðra vilja gjafarans allra góðra hluta, sem allt gjörir vel, og með auðmjúku og þakklátu hjarta taka undir með hinum þolinmóða og guðhrædda Job; drottinn gaf, drottinn tók, nafnið drottins veri vegsamað, já, hugga og gleðja oss við sæla og dýrðlega von trúar vorrar um gleðilega samfundi og ævarandi sambúð við ástvini vora síðar meír í eýlífri gleði, sem engin sorg, skilnaður nè dauði fær snert og engan enda hefir, og í helgri elsku trúarinnar lofa guð föður

drottins vors Jesú Krists, sem með því að uppvekja hann frá dauðum hefir eptir mikilli miskun sinni endurfæðt oss til lifandi vonar, til hlutteknı́ngar í þeírri arfleífð, sem geýmd er á himnum óforgeíngileg og fullkomin oss, sem fyrir guðs öfluga aðstoð varðveítumst með trúnni, svo að vèr aðnjótandi verðum oss fyrirbúinnar sælu, er á síðasta tíma mun verða opinber; og með því vèr, dýrkeýptu syrgjandi ástvinir! höfum slíka von, æ! þá skulum vèr ekki syrgja eíns og þeír, sem enga von hafa, heldur nú og jafnan láta það ásannast, að vèr eígi til eínkis höfum trúað á nafn eíngetins sonar guðs, því í hans trú eígum vèr að sigra heíminn þ. e. synd heímsins og hans sorg. Æ! berum oss því að taka þessari sorg, eínsog hverri annari, sem speki og gæðsku guðs kann að þóknast að láta oss mæta, sem trúuð guðs börn, er hans heílagi andi huggar og helgar, svo vor reýnda trú megi verða oss til lofs, vegsemdar og dýrðar, þegar Jesus Kristur opinberast, í hvers trú vèr gleðjumst ósegjanlegum dýrðlegum fögnuði, af því vèr vitum verðlaun trúarinnar, vitum að vèr munum öðlast endurgjald fyrir vora trú: velferð vorra sálna. —

En þú höfundur og fullkomnari trúarinnar, lát þinn mátt fullkomnast í vorum vanmætti, fullkomna með oss hið góða verkið, sem þú sjálfur hefir uppbyrjað, auktu oss trúna, að vèr fyrir krapt trúarinnar fáum staðist reýnsluna, verið stöðugir í kærleíkanum og sigrinum haldið; gef oss náð til að

gánga hèðan frá þessum oss svo kæru moldum, sem vèr nú kveðjum með helgum ástarkossi heítra tára, með huggun þíns góða orðs í vorum hjörtum, það veri nú og jafnan ljós á vorum vegum og lampi fóta vorra, það uppörfi oss og styrki til að berjast góðri baráttu trúarinnar stöðugum til endans í kærleíkanum; þegar vèr þannig lifum drottni, þá fáum vèr að deýa í drottni og verðum sælir í voru andláti, hèr til virðist guð vor faðir á himnum, að veíta oss náð og aðstoð síns góða heílaga anda í Jesú nafni, amen. —

III.

LÍKRÆÐA

haldin af prófasti síra Jóni Jónssyni á Steínnesi.

Ó! vor guð og ástríki faðir! þú ert allt í öllum, og aldreí megum vèr án vera náðar þinnar og fulltíngis þíns! Vyrstú því góði guð! að vera máttugur í veíkleíka vorum, og styrkja oss til að hegða oss eíns og auðsveíp börn þín í hverju sem að höndum ber! Styrk oss á þessari stundu til að gjöra vorn vilja undirgefinn þínum föðurlegum náð-

arvilja, so að vèr getum, glaðir í þèr, geíngið braut sorgarinnar! Varðveít oss í þinni náð og velþóknun alla vora lífdaga! Varðveít oss í þínum ótta, so að vèr getum, í sorg og gleði, verið vissir um, að þú heýrir í náð hjartans andvörp vor, og sèrt ætíð reíðubúinn til að hjálpa oss og miskuna! Þitt auga vaki yfir oss, þín hönd leíði oss til sannrar farsældar hèr stundlega, og annars heíms eýlíflega fyrir Jesúm Krist, amen,

---

Dýrmætur er fyrir drottni dauði hans heílögu. Þessi orðin Sálmaskáldsins (Sálm. 116, 15.) finnst mèr eíga vel við, að vèr veljum fyrir undirstöðu hugleiðínga vorra við þetta, að vísu alvarlega og sorglega en undireíns hátíðlega tækifæri, þar sem vèr eígum að heíðra útför þessarar framliðnu systur vorrar, húsfrúr Kristínar sælu Jónsdóttur.

Að vísu er eínginn af oss dauðlegum mönnum heílagur; allir erum vèr hluttakandi í enni almennu eðlisspillíngu, allir óhreínir í augliti hans, fyrir hverjum himnanna himnar eru ekki hreínir; allir höfum vèr syndgað, og höfum skort á þeírri hrósun, sem fyrir guði gildir. Þetta á ætíð að minna oss á, að auðmýkja oss fyrir guði, og kannast við, hve mjög vèr erum komnir upp á náð hans í Jesú Kristi; það á að minna oss á kristilega árvekni — minna oss á, að kappkosta, með aðstoð guðs orðs og anda, að varðveíta oss fyrir áhrifum enna mörgu

illu dæma í heíminum; og allt aðeínu á það að minna oss á, að taka vel eptir enum fögru og eptirbreýtnisverðu dygða dæmum, og kappkosta að laga oss eptir þeím; því, lof sè góðum guði! margur er góður í þeím skilníngi, sem mannlegum veíkleíka er unnt að vera það; þó eínginn sè algjör, þá eru þeír þó til, sem keppast eptir að vera fullkomnir, eíns og faðir þeírra er fullkominn, sem leíta fyrst og fremst guðs ríkis og þess rèttlætis, sem honum er þókknanlegt — sem kappkosta að feta í fótspor frelsara síns, og hegða sèr eíns og sannir lærisveínar hans; — þeír eru til, sem láta það vera aðallífsreglu sína, að kappkosta að breýta eptir enu æðsta boðorði: að elska guð af öllu hjarta, öllum mætti, öllu hugskoti, og náúngann eíns og sjálfan sig — sem kappkosta að vegsama guð með öndu sinni og líkama, og efla og útbreíða dýrð hans eptir þeírri náð, sem þeím er gefin, með trúlyndri þjónustu í þeírri stètt, er hann hefir sett þá í, — með samvitskusamri brúkun gáfna þeírra og krapta, atgjörvis og yfirburða, er hann hefir gæðt þá með; — þeír eru til, sem gá ekki eínasta að sínu gagni, heldur og líka annarra, sem láta það vera eptirlæti sitt, að verja pundi sínu til að efla sannar heíllir bræðra sinna og systra, og breíða út fögnuð og blessun umhverfis sig; — þeír eru til, sem rækja vel og friðsamlega hina jarðnesku köllun sína, enn hafa samt sífellt gætur á sjálfum sèr, að hjörtu þeírra verði ekki of elsk að

heíminum og þeím hlutum, sem í honum eru, sem ydulega hafa umgeíngni sína á himnum, sem gánga fyrir enum alskygna í hreínskilinni guðrækni, taka kjörum sínum með guðs barna hugarfari, meðlætinu með auðmjúku þakklæti, mótlætinu með rósamri stillíngu og kristilegri þolinmæði, og bera kross sinn með auðsveípri undirgefni undir vilja síns himneska föður — gánga leíð sína í trúnni og kærleíkanum, hvort sem hún er greíð eða ógreíð, gleðileg eða sorgleg, og kappkosta að vera ætíð viðbúnir að flytja hèðan inn í fögnuð herra síns. — Þessa köllum vèr með rèttu guðs heílaga, því þeím fer dag frá degi fram í helguninni, þeír nálgast æ meír og meír takmark heílagleíkans; þeír afneíta sjálfum sèr, og krossfesta hold sitt með gyrndum þess og tilhneígíngum, til að geta þókknast guði: gjört vilja hans, eflt dýrð hans; á þvílíkum börnum sínum hlýtur hinn heílagi að hafa velþókknun; þau hljóta að vera dýrmæt í augliti hans, líf þeirra er dýrmætt fyrir honum, því það er lagað eptir hans heílaga vilja og boðum, það er meðal í hendi hans til að efla og blómga ríki hans, til að afstýra illu, enn aðstoða hið góða. — Og dauði þeírra er dýrmætur fyrir drottni, því þau hafa barist góðri baráttu, fullkomnað skeíðið og varðveítt trúna; þau hafa sáð góðu sæði, sem ber ávexti leíngi eptir þeírra dag; þau eru orðin þroskuð og menntuð til guðs dýrðar ríkis, þegar hann tekur þau hèðan; þá er sorg á jörðunni,

enn fögnuður á himnum; þeír sem á jörðunni búa og eptir þreýa, trega missi sinn, enn hinir sælu himinbúar taka fagnandi á móti þeím, sem fyrir blóð lambsins blíða, búinn er að stríða og sælan sigur vann, þetta er ekkert stríð milli himins og jarðar, heldur flýtur það eðlilega af því, að þessi jörð er undirbúníngs staður vor undir himininn; hèr er ófullkomleíki, þar er algjörlegleíki; vèr tregum enar elskuverðu sálirnar, er frá oss flytja, af því vèr getum ekki lifað í eíns nákvæmu samfèlagi við þær eptir eíns og áður; oss finnst vèr sèum yfirgefnir og eínmana, af því vèr getum ekki orðið þeím samferða, og ekki heldur sèð þær hjá oss, nè notið aðstoðar og eptirlætis af návist þeírra.

Dýrmætur er fyrir Drottni dauði hans heílögu; dýrmætur er fyrir honum flutníngur þessarar sælu systur vorrar hèðan inn í himnaríki; líf hennar var dýrmætt fyrir honum, því það leíð fram í ótta hans, og var prýðt kristilegum dygðum; guð hafði gefið henni mikið ágætar sálargáfur og bestu hæfilegleíka til að standa sèr til sóma, og öðrum til uppbyggíngar í þeírri stètt, er hann hafði fyrirhugað henni; og hún vandi sig snemma á, og tamdi sèr alla æfi, að fara vel með pund sitt, og verja því samkvæmt vilja gjafarans; hann, sem hún elskaði heítast á jörðunni, veít sjálfur best, hvílík hún reýndist honum á allri enni laungu samferð þeírra, hve ástúðleg, trúföst, umhyggjusöm, ráðholl, lempin, aðgætin og árvökur um allt það

er í hennar valdi stóð til að gjöra honum lífið gleðiríkt, og efla sameíginlega heíll og heíður þeírra. — Þau börnin, er guð gaf henni að ala upp, finna sjálf best til þess, hvílík móðir hún var þeím, hversu hún bar þau fyrir brjósti sèr í brennheítri ást og óþreýtandi umhyggju fyrir velferð þeírra, — hve fögur fyrirmynd hún var þeím í guðs ótta og góðum siðum, — hversu hún gjörði sitt til að búa þau undir heíðarlega og uppbyggilega lífs stöðu, og hversu hún leíðbeíndi þeím á guðs veg með guðrækilegum áminníngum og heílræðum. — Þeír sem áttu að þjóna henni, vita best, hvílík húsmóðir hún var þeím, hve nákvæm og nærgætin, umburðarlynd og brjóstgóð. Og allir vita, sem til þekktu, hve ágæta forstöðu hún veítti heímili sínu í öllu því, er til hennar náði, hversu hún var samhuga, samráða og samtaka elskhuga sínum í öllu, sem laut að góðri og reglubundinni hússtjórn. Eg er ekki fær um að taka verðulega fram allt það, sem prýddi og ágætti líf hennar, enda gjörist þess ekki þörf í áheýrn so kunnugra, sem hèr eru viðstaddir; það er nóg, að þeír geýma í hjörtum sínum lifandi eptirmind hennar, og þakkláta endurminníngu hennar heíðurs og elskuverða lífs; það er nóg, að hann þekkti gjörla ágæti hennar, sem lítur með föðurlegri velþókknun til þeírra barnanna sinna, sem kappkosta að gjöra hans vilja, og umbunar þeím hlýðni þeírra og trúmennsku með yfirgnæfanlegri vegsemd, og óumræðilegri fullsælu um aldir alda;

hún var hans barn, dýrmæt fyrir honum lífs og liðin; hún var ekki af heíminum, þó hún inni með trú og dygð verk sitt í heíminum, þó guð blessaði hana með nægtum, þá varði hún þeím ekki til hègómlegs prjáls og yfirlætis, heldur lèt sèr nægja hið eínfalda og sómasamlega; eíns og hún gekk fram í guði þókknanlegum grandvarlegleíka, eíns gekk hún fram í virðíngu vekjandi útvortis verðugleíka, eínkend frábærri stillíngu og ráðsettni, og ávann það, er hún vildi fá framgeíngt, með hógværð og lempni, og rósamri biðlund. Staðfesta hjartans lýsti sèr í orðum hennar og öllu viðmóti; innri maður hennar byrtist í greíndarfullri eínurð og ákafalausri hreínskilni, því hún hafði tamið sèr að stjórna vel geði sínu, án þess þó að hnegjast á nokkurn hátt til hræsni, heldur hafði miklu fremur andstygð á henni; hún var áreíðanleg og trúföst, og gleýmdi aldreí því, er henni hafði verið gjört til vilja, en leítaði sjálf að afbötunum, ef henni var gjört á móti, og sigraði þannig illt með góðu. Í eínu orði: hún gekk fyrir guði og kappkostaði að vera algjör; hún treýsti guði, og lèt hans vilja vera sinn vilja, og lagði sig með auðsveípri þolinmæði undir hvað helst, er hann vildi vera láta; hún lifði drottni, og dó drottni; því var bæði líf hennar og dauði dýrmætt fyrir honum.

Þvílíkri heíðurskvinnu eígum vèr hèr að sjá á bak; og það er auðvitað, að þeír, sem líf hennar

var sèrílagi helgað, geta ekki fylgt henni til ens síðasta hvíldarstaðar án viðkvæmra hjartans tilfinnínga, án sárrar hrygðar yfir missi sínum. — En hvað á samt betur við, háttvirðtu meðkristnu systkyni! enn að vèr lútum í auðmýkt vilja guðs og gefum honum dýrðina? Hvað á betur við, enn að vèr berum oss að hefja hjörtu vor upp yfir sorgina til uppsprettu allrar hugsvölunar og endurnærríngar? Hvað á betur við, enn að vèr setjum oss fyrir sjónir, hve mikla orsök vèr höfum til að vera glaðir miðt í hrygðinni? Líf vorrar framliðnu var lángt, uppbyggilegt og ávaxtaríkt, og þess vegna dýrmætt fyrir guði og mönnum; er ekki mikil hugsvölun í þessu? er það ekki mikilsvert fyrir eptirþreýandi ástmenni, að eíga þvílíka endurminníngu, þvílíkann heíðursvarða eptir sína burtsofnuðu? — Hin sæla systir vor hafði náð háum aldri; hún var orðin þreýtt, og með fram ellilasburðunum voru aðrar líkamans þjáníngar farnar að boða henni burtför hèðan; lífsdeginum var tekið að halla so, að eptir eðlilegum hætti gat ekki verið lángt að bíða kvöldsins og næturinnar, er það þá ekki samboðið ást og rækt og þakklátsemi ektamaka hennar og barna, að gleðjast yfir lausn hennar hèðan, og hlutskipti hennar á himnum? Að vísu fór so vel um hana sem auðið var, hjá ástmennum hennar, sem af ástríkum hjörtum lètu henni í tè allt það, er af þeírra hálfu gat hjálpað til að gjöra henni ellidagana geðfelda og gleðiríka; enn samt er eínginn efi

á því, að umskiptin hafa verið henni ósegjanlega fagnaðarrík; það er einginn efi á því, að hana hefir verið farið að lánga eptir, að fá að leýsast hèðan, og vera hjá kristi, hún vissi, að dagsverk hennar var fullkomnað; hún fann að kraptarnir voru teknir að þverra, og þjáníngarnar að ágjörast, hún vissi að hún átti góða heímvon; hún sá, í trúnni á Jesúm Krist, að henni var geýmd kóróna rèttlætisins, kórónа eýlífrar vegsemdar; Þó hún væri því fús til að dvelja í holdinu so leíngi sem guði þókknaðist, ástvinum sínum til eptirlætis og uppbyggíngar, þá var hún samt eíngu síður reíðubúin til að gegna köllun föður síns, og fara til hans; til hans er hún komin, til frelsarans er hún farin, og orðin hluttakandi í dýrð hans, og í sælufullum fögnuði útvaldra á himnum. Sæll er því sá, sem náð hefir þessu takmarki! Þegar vèr hugsum um sælu kjör þessarar systur vorrar í Drottins dýrðar ríki þá finnum vèr, að dauði hennar á einnig að vera dýrmætur fyrir oss — að vèr höfum orsök til að samfagna henni — að oss hæfir að vegsama náð guðs, sem hefir gefið henni dýrðlegan sigur fyrir Drottinn Jesúm Krist. Þetta veít eg að er vakandi í yðar trúuðu hjörtum, þèr tregandi ástmenni hinnar burtsofnuðu! og að umhugsunin um það vekur í brjóstum yðar innileg lofgjörðar andvörp, jafnframt yðar viðkvæmu sorgar og saknaðar andvörpum. Ó, þèr háttvirti sorgbitni bróðir, hver sem þekkir yðar viðkvæma hjarta, á hægt með að samhryggjast yður

sem nú standið uppi tregandi yðar ástúðlegu ektakvinnu, sem í so mörg ár hafði geíngið yður við hlið, yður til eptirlætis og aðstoðar samfagnað yður, samhryggst yður, samsveíts yður; en eg veít, að ekkert veítir yður aðra eíns fróun og hugar hægð eíns og að hugsa um það, að yðar ástfólgna er frelsuð frá allri mæðu, öllum þjáníngum, enn orðin njótandi þeírrar sælu, sem auga hefir ekki sèð, eýra ekki heýrt og eíngum í hug eður hjarta komið; ekkert mun eíns styrkja yður til að bera byrði lífsins þá dagana, sem enum alvalda og algóða kann að þókknast að láta yður eíga eptir að lifa hèr á jörðu, eíns og en dýrmæta kristilega von, að þèr fáið að sjá aptur yðar ástfólgnu innan lítils tíma, og sameínast henni í dýrðinni til óslítanlegra sælu samvista. Ó, þèr tregandi börn og teíngdabörn ennar sælu! hver sem mist hefir ástríkan föður eða móður, á hægt með að setja sig í yðar spor, og vita hvað þèr eígið að bera á þessari skilnaðar stundu; en þèr munuð finna hvíld sálum yðar í trúnni á guð og Jesúm Krist. — í þeirri trú, að allir vegir yðar himneska föður eru miskun og trúfesti, — að hann grætir börn sín af enum sama guðdómlega kærleíka, sem hann gleður þau með — í þeírri trú, að lausnari heímsins hefir leíðt í ljós lífið og sælufullan ódauðlegleíka — fyrir öll guðs börn, og gefið ástvinunum, sem hèr verða að skilja um stundar sakir, fulla vissu um, að þeír fái að finnast aptur

á himnum, og samfagna þar hver öðrum um aldir alda. Nú hafið þèr að sönnu hrygð, en innan lítils tíma snýst hún í fögnuð, þá er þèr fáið aptur að sjá yðar ástfólgnu móður og vera hjá henni eýlíflega; gángið því glöð í trúnni, þángað til guð gefur yður að gánga í sælurikri skoðun!

So veri þá allar hugsanir vorar og hjartans tilfinníngar helgaðar þèr, himneski hjartans faðir! Af þakklátum hjörtum vegsömum vèr þig fyrir líf þessa barns þíns! af auðmjúkum hjörtum vegsömum vèr þig einnig fyrir það, að þú tókst það til þín, því vèr trúum því staðfastlega, að þú hafir gjört það á hagkvæmasta tíma, samkvæmt speki þinni og föðurgæðsku. — Æ, vor guð! hugga þú öll harmþrúngin hjörtu með náðarkrapti orðs þíns og anda! Styrk oss öll sömun, börnin þín, til að lifa þèr til vegsemdar, so að vor dauði verði dýrmætur fyrir þèr; hjálpa oss til að berjast góðri baráttu, fullkomna skeíðið og varðveíta trúna og góða samvitsku! Veít oss náð til að lifa kristilega, líða þolinmóðlega, deýa sáluhjálplega, upprísa vegsamlega á upprisudegi alls holds!

Gaungum þá hèðan í guðs nafni og trausti, og framkvæmum það, sem framkvæmast hlýtur! Leíð þú oss, faðir! þessi sporin, og öll spor æfi vorrar! Við þína trúföstu náðarhönd er oss óhætt! amen, í Jesú nafni amen.

IV.



Hèr hneíg í faðm
fósturjarðar
höfðíngskonan

KRISTÍN JÓNSDÓTTIR,

sem fæddist 16. dag júní m. 1787,
giptist stúdíósus J. Fr. Thórarensen
24. d. júní m. 1823,
lètst 28. d. október m. 1857.
Hún varð móðir 4 barna
2 dóu úng, en 2 lifa.

Hún var prýði kvenna,
prúð í hegðun,
með afbragðs gáfum,
góðfús, veglynd,
í trygð og staðfestu
traustari bjargi,
ástvinum ástrík
af öllu hjarta.

Hennar lífs eínkunn
var ást og friður

en megin iðja
allt að bæta.
Hún elskaði guð
og unni dygðum.
Fár mun hennar
fylgja sporum.

Svo lyktar sú æfi,
er var ljós í heími
sem þá röðull
rennur til viðar
og hinnstum lífgeíslum
hauður kveður
eptir dag blíðan
og blessunarríkan.

því kærleíksríkt líf
Kristi helgað
er aldreí fegra' enn
á andlátsstundu.
Með ástargeíslum
í augum heldöprum
kveðja ljóssins börn
líf og ástvini.


Hvílir nú guðs barnið góða
í guðs ástar faðmi,
sálin í ljósinu lifir,
þó líkaminn sofi;

frelsuð hjá frelsara sínum
hún fagnar af sigri.
Þar finnast ástvinir aptur
því orð drottins rætast.

Sælir eru hreínhjartaðir,
því þeír munu guð sjá.
Matt. 5, 8.

Prófarkavillur.

5^{21} stóð fyrir stoð 7^{16} elkið fyrir elskið, 7^{19} moð fyrir með 10^{11} klutdeíld fyrir hlutdeíld 12^{25} ag fyrir og 1[illegible]^{8} bár fyrir bar 18^{21} vízt fyrir víst 32^{3} aðstoðar fyrir aðstoðar,

Lbs - Íslandssafn

100438470 - 7

